

# Lög

## um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum.

---

### 1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Allir sem hafa uppleði og umönnun barna með höndum skulu sýna þeim virðingu og umhyggju og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppleðis skyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Þeim ber að búa börnum sínum viðunandi uppleðisaðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna.

### 2. gr.

2. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Gefa skal fulltrúa barnaverndarnefndar kost á að vera viðstaddur skýrslutöku af barni sem sakborningi í samræmi við ákvæði laga um meðferð sakamála, svo og skýrslutöku af barni sem brotþola og sem vitni. Á þetta við hvort sem skýrslutaka fer fram hjá lögreglu eða fyrir dómi. Um skýrslutöku af barni gilda að öðru leyti ákvæði laga um meðferð sakamála og reglugerða sem settar hafa verið með stoð í þeim.

### 3. gr.

1. mgr. 99. gr. laganna orðast svo:

Hver sem beitir barn andlegum eða líkamlegum refsingum, hótunum eða ógnunum eða sýnir af sér aðra vanvirðandi háttsemi gagnvart barni skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 16. apríl 2009.*